# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um ökuskírteini, nr. 501 11. ágúst 1997.**

1. gr.

Í stað myndar í I. hluta I. viðauka komi:




Framhlið ökuskírteinis




Bakhlið ökuskírteinis

2. gr.

Í stað 1.-6. málsgreina II. hluta í I. viðauka (*Framhlið ökuskírteinis)* komi sjö málsgreinar:

Í efra vinstra horni er íslenska þjóðernismerkið, ÍS, svart að lit í svörtum sporöskjulaga hring.

Efst fyrir miðju er orðið „ökuskírteini“ prentað með svörtum upphafsstöfum.

Í efra hægra horni er orðið „Ísland“ prentað með bláum upphafsstöfum.

Fyrir miðju vinstra megin er ljósmynd af skírteinishafa.

Neðst í vinstra horni er mynd af Íslandi í bláum lit.

Í neðra hægra horni er mynd af íslenska skjaldarmerkinu í fánalitum.

Í grunni framhliðarinnar eru orðin EES-gerð og orðið „ökuskírteini“ á tungumálum Evrópska efnahagssvæðisins.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 52. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, og öðlast gildi 15. október 2001.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. október 2001.*

F. h. r.
**Ólafur W. Stefánsson.**

*Sandra Baldvinsdóttir.*